

Fornleifauppgröftur í Pósthússtræti 2014. Framkvæmdarannsókn



Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Isaksen & Guðrún Alda Gísladóttir



FS562-14022

Reykjavík

2015



©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og framkvæmd.....	6
Niðurstöður	8
Svæði A.....	8
Svæði B.....	9
Svæði C.....	10
Svæði A, B & C – Umræða	13
Svæði D	15
Fasi/byggingarstig 1.....	15
Fasi/byggingarstig 2	16
Fasi/byggingarstig 3	20
Fasi 4	21
Svæði D - Umræða	21
Gripir	22
Forkönnun	23
Uppgröftur	23
Samantekt um fundi	23
Bein og skeljar	23
Leir	24
Gler	25
Koparblanda.....	26
Járn	26
Steinar	27
Kol	27
Niðurstaða og lokaorð	28
Heimildir	30

Viðauki 1: Einingaskrá	33
Viðauki 2: Fundaskrá	37



Inngangur

Í ársbyrjun 2014 barst Minjastofnun Íslands bréf, dagsett 17. janúar 2014, frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Í því bréfi kom fram að til stæðu töluverðar framkvæmdir í Pósthússtræti *Á næstu mánuðum er fyrirhugað að endurnýja og fegra Pósthússtræti milli Austurstrætis og Tryggvagötu. Útlit götunnar sunnan Hafnarstrætis verður þá með svipuðu sniði og sunnan við Austurstræti. Milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu verða gangstéttar breikkaðar og akbrautin verður einbreið... Allt yfirborð götu og gangstétta verður endurnýjað, ásamt þeim lögnum sem komnar eru á tíma. Snjóbræðsla verður sett í götu og gönguleiðir. Markmið framkvæmdanna er að fegra götumyndina og bæta gönguleiðir.*¹ Var það mat Minjastofnunar Íslands að líklegt væri að að minjar gæti verið að finna á þessum stöðum í þessum hluta götunnar. Nálægt mótum Pósthússtrætis og Austurstrætis var talin von á að finna minjar um hús sem sýnt er á Reykjavíkuruppdrætti eftir Svein Sveinsson frá 1876.² Þá var á mótum Pósthússtrætis og Hafnarstrætis vitað um þrjár kynslóðir húsa sem sýnd eru á Reykjavíkurkortum frá 1801 (Olsen & Aanam), 1836 (Victor Lottin) og 1876 (Sveinn Sveinsson).³ Loks var vitað um leifar hafnarmannvirkja út við Tryggvagötu sem sýnd eru á Reykjavíkuruppdrætti frá 1887 (Sveinn Sveinsson).⁴ Samkvæmt fyrirmælum Minjastofnunar Íslands⁵ þurfti að láta fara fram gröft könnunarskurða á þessum stöðum og varð það úr að Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið að beiðni Minjasafns Reykjavíkur og var það unnið þann 06.02.2014 af Fornleifastofnun Íslands.⁶

Mat Minjastofnunar Íslands á niðurstöðum þessarar forkönnunar var að allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Pósthússtræti þyrftu að fara fram undir eftirliti fornleifafræðings og að allar minjar sem kynnu að finnast þyrfti að rannsaka með hefðbundnum aðferðum fornleifafræðinnar.⁷ Framkvæmdaeftirlit og fornleifauppgröftur í Pósthússtræti fór fram með hléum frá 3. apríl til 20. júní 2014.

¹ Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, bréf dagsett 17.01.2014

² Sjá t.d. Páll Línal 1989, bls 52-3 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.

³ Sjá t.d. Páll Línal 1989, bls 23, 34-5, 52-3 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.

⁴ Sjá t.d. Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermannsson 1988 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.

⁵ Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 21.01.2014

⁶ Oddgeir Isaksen, 2014

⁷ Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 24.03.2014


Verkstjórn var í höndum Oddgeirs Isaksens, en auk hans unnu við verkið fornleifafræðingarnir Hildur Gestsdóttir, Stefán Ólafsson, Rúnar Leifsson og Howell Roberts. Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Isaksen sáu um úrvinnslu, en Guðrún Alda Gísladóttir hafði umsjón með úrvinnslu gripa.

Markmið og framkvæmd.

Rannsóknarsvæðið var Pósthússtræti auk gangstétta meðfram því frá gatnamótum við Tryggvagötu norðanmegin, að gatnamótum Austurstrætis sunnanmegin. Auk þess voru opnaðir skurðir út frá Pósthússtræti í Hafnarstræti, bæði í austur og vestur, og náðu þessir skurðir um 5 m í sitt hvora áttina. Framkvæmd verksins var á þann hátt að fornleifafræðingur var alltaf á staðnum þegar unnið var við vélgröft. Einnig var búið að skilgreina mestu hættusvæðin bæði af kortum af þekktum minjum á svæðinu og út frá könnunarskurðum. Var því reynt að skipuleggja vinnuna út frá þessum þáttum og í samstarfi við verktakana á svæðinu svo að hægt væri að vinna fornleifarannsóknir meðfram annari vinnu eins mikið og hægt var.

Alls voru fjögur svæði þar sem fornleifarannsókn fór fram (sjá mynd 1).

- A. Í miðjum gatnamótum Tryggvagötu og Pósthússtrætis var komið niður á bryggjuhleðslu í skurði (1,1 x 6,8 m). Var bryggjan skráð en ekki hróflað við henni.
- B. Við norðurenda Pósthússtrætis, þar sem það liggur að Tryggvagötu, kom í ljós steipt stétt með teinum í 1,7 m breiðum skurði sem grafinn var þvert á Pósthússtrætið. Voru þessir teinar skráðir, en ekki var hróflað við þeim.
- C. Við norðurenda Pósthússtrætis, að vestanverðu, komu í ljós grjóthlaðnar undirstöður timburbryggju. Lágu þær meðfram vesturhlið lagnaskurðsins, í suður frá Tryggvagötu. Eftir skráningu voru undirstöðurnar fjarlægðar að hluta vegna framkvæmda.
- D. Við gatnamót Pósthússtrætis og Austurstrætis komu í ljós undirstöður og kjallari byggingar. Byggingin hafði verið talsvert skemmt af eldri lagnaskurðum, en þær leifar sem eftir voru voru grafnar upp að fullu.



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Framkvæmdasvæðið í heild sinni sjúnt í svörtu

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafthandbók Forleifastofnunar Íslands.⁸ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í Pósthússtræti. Á meðan á uppgræftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman

⁸ Lucas, 2003

í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrافتar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgrافتarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.⁹

Niðurstöður

Lýsingar á niðurstöðum úr fornleifarannsókninni verður skipt eftir þeim fjórum mismunandi svæðum sem tilgreind voru hér fyrir ofan.

Svæði A

Komið var niður á leifar grjóthlaðinnar bryggju í skurði sem tekin var vegna lagnaframkvæmda utan við aðalframkvæmdasvæðið, í miðjum gatnamótum Tryggvagötu og Pósthússtræti. Skurðurinn var með stefnuna norð- norðaustur – suð-suðvestur, og var 1,1 x 6,8 m að stærð. Skurðurinn var með nokkurnvegin sömu stefnu og gamla steinbryggjan, og lá suðvesturhorn hennar innan skurðsins. Sá hluti bryggjunnar sem var grafinn fram [240], var hlaðinn úr tilhöggnu grjóti, 25 sm þykkt, 55 sm á breidd og allt að 65 sm á lengd. Bryggjan er mjög þétt hlaðin og er hleðslan límd saman með steypu. Ekki var grafið niður á botn bryggjunnar, en þar sem hún stóð hæst í skurðinum var hún 1,2 m á hæð. Upp við vesturhlið bryggjunnar, um 0,5 m norðan við suður enda hennar er sjávarvarnargarður [239], óreglulega hlaðinn úr grjóti. Garðurinn virðist hafa stefnuna vest- norðvestur – aust- suðaustur, en einunigis 0,5 m langur kafli af honum er sýnilegur í skurðinum. Ekki var grafið niður á botn garðsins, en hann stóð hæst 0,85 m á hæð.

⁹ Lucas, 2003



Mynd 2. Bryggja [240] og sjávarvarnargarður [239]. Horft í suð-suðvestur.

Svæði B

Við norðurenda framkvæmdasvæðiðsins var grafinn lagnaskurður sem var 1,8 x 10,8 m, með stefnuna vest- norðvestur – aust- suðaustur. Í austurenda skurðarins komu í ljós tvö pör af járnlestarteinum. Teinarnir liggja samsíða, með stefnuna norð-norðvestur – suð- suðaustur, og eru 1,8 m á milli þeirra. Austari teinarnir [241] liggja vestast á steyptri hellu sem er 1,9 m á breidd. Það eru 0,7 m á milli teinanna. Austan við þá er járnhringur (um 10 sm í þvermál) steypdur ofan í helluna, og í austurbrún hellunnar eru þrír stórir járnnaglar, með 25-30 sm millibili. Syðsti hluti þessara teina náði inn á uppgraftarsvæði frá árinu 2007, þar sem fór fram rannsókn vegna framkvæmda við austasta hluta Tryggvagötu, þar skráðir sem TRH07[185]. Þessir teinar eru þeir sömu og TRH07[183], en höfðu verið skornir í sundur af seinni tíma

lagnaskurði.¹⁰ Vestari teinarnir [242] liggja á steyptri hellu sem er 0,8 m á breidd, og eru 0,7 m á milli teinanna. Þessir teinar liggja í beinu framhaldi af teinum TRH07[184] sem grafnir voru upp sumarið 2007.¹¹ Vestast í skurðinum lágu fjórir tilhöggðir steinar sem mynduðu hleðslu [243] sem snéri norð- norðaustur – suð- suðvestur. Þar sem hleðsla þessi lá þvert á lagnaskurðinn, þá var einungis 1,7 m langur kafli af henni sýnilegur.



Mynd 3. Teinar [241] - nær og [242] - fjær. Efst á mynd sést í bryggjuhleðslu [243]. Horft í vestur.

Svæði C

Í norðvestur enda framkvæmdasvæðisins kom í ljós leifar grjóthlöðnum undirstöðum fyrir timburbryggju. Bryggjan snéri norð- norðaustur – suð- vestur, og var einungis austur hlið hennar grafin fram, meðfram vesturbakka framkvæmdasvæðisins. Bryggjan hafði orðið fyrir töluverðum skemmdum af völdum eldri lagnaskurðar sem

¹⁰ Aldred 2007

¹¹ Aldred 2007

liggur vestur eftir Tryggvagötu í brunn á miðjum gatnamótum Pósthússtrætis og Tryggvagötu. Sá hluti bryggjunnar sem hafði varðveist sunnan við lagnaskurðinn var 12,0 m langur, og allt að 2,7 m á breidd þar sem hann var breiðastur [245]. Austurhlið bryggjunnar var hlaðin úr stóru tilhöggnu grjóti, innan við það var grjót og malarfylling sem hafði verið steipt yfir vestasta hluta bryggjunnar sem var sýnilegur, alls 0,6 m breiður kafli. Á þremur stöðum voru sýnilegir pör af járnteinum sem stóðu upp úr grjóthleðslunni, og hafa verið hluti af undirstöðum undir timburhluta bryggjunnar. Teinaparið lá þvert á bryggjuna, og var 1,6 m á milli þeirra, en þau voru á 3,1 m millibili. Við uppgröft fundust svona teinar sem höfðu verið hreyfðir úr stað, og kom þá í ljós að þeir sátu í timburbita sem hefur þá legið undir grjótinu í bryggjunni.



Mynd 4. Bryggja [245] - syðst á svæði C. Horft í norður.



Mynd 5. Járnteinar í bryggju [245].



Mynd 6. Bryggja [245] nyrst á svæði D. Horft í vestur.

Svæði A, B & C – Umræða

Fram á seinni hluta 19. aldar voru einu bryggjurnar í Reykjavík, timburbryggjur sem kaupmennirnir reistu sjálfir. Árið 1884 var hins vegar fyrsta bryggjan gerð, sem byggð var á vegum yfirvalda eftir nokkurra ára umræðu um frjálsan aðgang að bryggju í Reykjavík. Bryggjan hét formlega Bæjarbryggjan, en var yfirleitt kölluð Steinbryggjan. Bryggjan, sem lá beint undan Pósthússtræti, var byggð af Jakobi Sveinssyni trésmiði, og var hún upprunalega að hluta úr tré og að hluta úr steini. Bryggjan þótti illa smíðuð, og gerði lítið til að bæta ástandið við höfnina.¹² Nokkrum mánuðum eftir að hún var tekin í notkun var ritað um hana í Ísafold:

„Bæjarbryggjan mikla, er bæjarstjórnin hefir snarað í um 10,000 kr., en sem er svo vísdomslega gerð, að það verður hvorki lent við hana um flóð nje fjöru, og sjór gengur upp eptir henni endilangri, ef ekki er nærri hvítalogn, og er þá ekki fyrir aðra en vatnsstigujelaða að nota hana.“¹³

Árið 1892 var bryggjan því endurbætt, og sá hluti hennar sem áður var úr tré hlaðinn úr grjóti. Árið 1905 var enn unnið að endurbótum á bryggjunni undir stjórn Tryggva Gunnarssonar bankastjóra. Ekki þótti þetta takast betur til en svo, að eftir viðgerðina fór bryggjan að síga og var hún þá kölluð Tryggvasker eða Tryggvaboði. Eftir að hafnargerðin hófst árið 1913 minnkaði hlutverk bryggjunar enn frekar og hvarf hún á endanum undir hafnarfyllingu á árum heimstyrjaldarinnar síðari.¹⁴

Uppdráttur Sveins Sigurðssonar af Reykjavík 1887¹⁵ er elsta kortið þar sem Bæjarbryggjan er sýnd. Hefur það kort verið hnitsett og þegar uppdrættir úr uppgreiftrinum eru lagðir yfir kortið frá 1887, þá er augljóst að bryggjuhleðslunnar sem fundust á svæði A, vestast á svæði B og á svæði C eru leifar Bæjarbryggjunar. Hleðsluformið sem grafið var fram á svæði A var töluvert frábrugðið því sem sást á svæði C (sem virðist vera undirstöður undir trébryggju, fremur en grjóthlaðin bryggja), og er því líklegt að sá hluti bryggjunnar sem liggur á svæði A sé hluti af seinnitíma lagfæringum á bryggjunni, hin eiginlega Steinbryggja sem sýnd er á Reykjavíkuruppdrætti Ólafs Þorsteinssonar frá 1915.¹⁶


¹² Guðjón Friðriksson 1991, bls. 315-6; Páll Líndal 1988, bls. 32-3

¹³ *Ísafold* 1884, bls. 1

¹⁴ Guðjón Friðriksson 1991, bls. 315-6; Páll Líndal 1988, bls. 33-4.

¹⁵ Sjá t.d. Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermannsson 1988 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.


¹⁶ Sjá t.d. Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987, bls. 20, og kort sem fylgir bók.



Mynd 7. Bæjarbryggjan/Steinbryggjan á svæðum A, B & C. Útlínur Bæjarbryggjunar á 1887 korti eru grænar, útlínur hafnarmannvirkja á 1915 korti eru gul.

Engar beinar heimildir fundust um teinana sem fundust á svæði B. Þó eru heimildir fyrir því að í upphafi 20. aldar hafi járnbrautarteinar verið lagðir víða á reitum fiskverkenda fyrir vagna undir salt eða fisk, sem dregnir voru af hestum eða ýtt áfram af fiskverkafólki.¹⁷ Líklegast er að þeir teinar sem fundust við uppgröftinn hafi þjónað slíku hlutverki.

¹⁷ Pétur Jónsson og Þorgils Jónasson 2004, bls 210.



Mynd 8. Teinar í skurði B. Teinarnir sem grafnir voru fram árið 2007 (sjá Aldred 2007) eru sýndir í gráu


Svæði D

Í suðaustur horni framkvæmdasvæðisins, rétt norðan við gatnamót Pósthússtrætis og Austurstrætis komu í ljós mannvirkjaleifar. Um var að ræða hluta af niðurgröfnum kjallara, skorinn af lagnaskurði sem grafinn hafði verið fyrir klóaklögn, og lá eftir Pósthússtræti endilöngu. Það sem eftir stóð var útveggur, 7,3 m langur með stefnuna norð- norðaustur – suð- suðvestur og þverveggir á sitthvorn enda hans, sem skornir voru af langaskurðinum, svo að aðeins stóðu eftir um 2 m af þeim. Innra byrði hússins sem varðveist hafði var því 1,2 x 6,3 m. Þetta hús hefur haft að minnsta kosti þrjú byggingarstig, en alls er hægt er að skipta uppgrافتarsvæðinu öllu í fjóra fasa og verður greint frá þeim hér.

Fasi/byggingarstig 1

Elsti hluti þessa mannvirkis var vegghleðsla [223] sem myndaði norðurvegg hússins. Hleðslan var 0,6 m breið og mest 1,9 m á lengd, en vestur endi hennar var skorin af lagnaskurði. Neðsti hluti hleðslunnar var úr stóru grjóti (allt að 0,7 m í þvermál), en minna grjót (minst 0,4 m í þvermál) þar ofan á. Grátt steinlím var í hleðslunni, sem stóð hæst fimm umför af steinum, eða 0,8 m. Að öllum líkindum hefur hleðslan verið niðurgráfin, en fast vestan við hana var seinnitíma lagnaskurður sem hafði fjarlægð öll ummerki um slíkt. Engin austurveggur tengdist þessu byggingarstigi. Ef hann hefur

verið til staðar, þá hefur hann annað hvort verið fjarlægður af seinni tíma byggingarstigum, eða vegna lagnaskurðar sem lá fast austan við tóftina, og afmarkaði austurbrún uppgriftarsvæðisins. Innan tóftarinnar voru nokkur móðskulög, [226]=[227], [229] & [232], og eitt sandlag [228] sem tilheyrðu þessu byggingarstigi.



Mynd 9. Fasi/byggingarstig 1. Veggahlesðla [223] og móðsku- (rauð) og sandlög (grá) samtíða henni. Útlínur pakkhúss af 1876 korti eru bleikar.

Fasi/byggingarstig 2

Byggingarstig 2 er eldra byggingarstig þeirrar tóftar sem sýnileg var í Pósthússtrætinu. Í henni var hleðsla [223] endurnýtt sem norðurveggur tóftarinnar, og bætt við hleðslu [231]=[233] sem myndaði austur- og norðurvegg hennar. Sú hleðsla var að mestu úr stóru grjóti (allt að 0,7 m í þvermál) og stóð einungis eitt umfar, 0,6m, á hæð. Hleðsla þessi var niðurgráfin í skurði [246], sem náði upp að austasta hluta hleðslu [223].

Austurhlið hleðslunnar hafði verið skorin af seinni tíma lagnaskurði [225]. Einnig hafði suðausturhorn veggjarins verið fjarlægt af niðurgreftri [219]. Hleðsla [231]=[233] lá hornrétt að hleðslu [223], en náði ekki alveg upp að henni, heldur endaði 0,9 m sunnan við hana. Í skarðinu á milli veggjanna var önnur hleðsla [230], úr mun minna grjóti, en [231]=[233]. Þessi hleðsla var þó með sömu stefnu og [213]=[233], og stóð jafn hátt, en tvö umför af steinum stóðu enn. Steypulím hafði verið notað til að binda grjótið í hleðslunni saman. Líklegast er að hleðsla [230] fylli upp í op sem hefur myndast þegar eitthvað mannvirki hefur verið fjarlægt úr horninu, en engar vísbendingar eru sjánlegar sem gætu bent til þess hvað það hefur verið.




Mynd 10. För eftir múrsteina í gólfi [213]




Mynd 11. Byggingarstig 2. Horft í austur.

Í þessu byggingarstigi hefur gólfið verið tvískipt. Fyrir miðju húsinu, upp við vegg [231]=[233] var hellustétt [234]=[235]. Stéttin var lögð úr ótilhöggnu grjóti, allt að 0,4 m í þvermál. Hún var 1,7 m á breidd, og höfðu 1,3 m af lengd hennar varðveist, á milli veggins og seinni tíma lagnaskurðar sem afmarkar vesturbrún uppgraftarsvæðisins. Hellustéttin var skorin af lagnaskurði [225]. Sitt hvoru megin við, og upp að, þessari hellustétt voru grá leirkennd lög, 10 sm á þykkt ([214] norðan megin við hellustéttina og [213] sunnan megin við hana), sem hafa verið einskonar steypulím undir múrsteinsgólf, sem hafði að mestu verið fjarlæggt. Þetta má sjá á því að enn voru múrsteinar í gólfinu á tveimur stöðum. Þrír voru við norðausturhorn tóftarinnar, í lagi [214] í kverkinni þar sem hellustétt [234] og vegghleðsa [233] mætast og þrír í suðvestur horni tóftarinnar. Síðustu fjórir múrsteinarnir voru í lagi [213]. Einnig mátti á nokkrum stöðum sjá för eftir múrsteina sem höfðu verið fjarlægðir, í steypulíminu. Tvær stoðarholur fundust sitthvoru megin við hellustétt [234]=[235]. Norðan við stéttina, og fast upp við hana, var stoðarhola [218]. Hún var sporöskjulaga, 14 x 23 sm og 9 sm djúp. Sunnan við stéttina, fast upp við hana, var stoðarhola [238]. Sú var einnig sporöskjulaga, 12 x 24 sm og 9 djúp. Líklegast er að lögun þeirra stafi af því að stoðirnar hafa verið fjarlægðar, fremur en að stoðirnar hafi hallað. Engar stoðarholur

sjást meðfram veggjum annarsstaðar í tóftinni, sem bendir til þess að þessar stoðir hafi tilheyrt einhverskonar strúktúr sem tengdist hellustéttinni, og hugsanlegt að stéttin hafi verið undirstöður undir millivegg. Undir múrsteinagólfi [213]≠[214] og stétt [234]=[235] voru nokkur sandlög, [215]=[235] & [224] og moldar/móöskulög [215] & [220] sem líklegast hafa verið sett niður sem jöfnunarlög undir gólfið.



Mynd 12. Fasi/byggingarstig 2. Múrsteinar í gólfi eru rauðir, stoðarholur svartar. Útlínur pakkhúss á 1876 korti eru bleikar.



Mynd 13. Fasi/byggingarstig 3. Útlínur pakkhúss á 1876 korti eru bleikar

Eftir að múrsteinsgólfið [213]≠[214] hafði verið fjarlægt var, þá hefur verið sett 20 sm þykkt sandlag [210]=[211] yfir allan gólflöt tóftarinnar. Þetta lag hefur verið einskonar jöfnunarlag. Ofan á það voru settar tvær hleðslur. Hleðsla [209] lá samsíða vegg [231]=[233], 0,6 m vestan við hann. Þessi hleðsla hafði verið skorin af lagnaskurði [225]. Hleðsla [204] var einungis þrír steinar, lá hornrétt upp að austurvegg

tóftarinnar [233] og hleðslu [209], og myndaði þannig tengingu á milli þeirra. Báðar þessar hleðslur voru einungis eitt umfar og hlaðnar úr ótilhöggnu grjóti, mest um 0,4 m í þvermál. Líklegast er að þessar hleðslur hafi verið einhverskonar undirstöður, hugsanlega að á þeim hafi hvílt timburgólf. Hins vegar eru engar aðrar vísbendingar sem styðja þessa kenningu, fyrir utan það að engin gólfhlög var að finna í tengslum við þessar hleðslur.

Fasi 4

Síðasti fasinn er það tímabil eftir að hætt var að nýta mannvirkið. Innan í tófinni voru nokkur blönduð sand- malar og móöskulög sem fylltu upp í hana: [200], [201], [202], [203] & [207]. Einning voru á svæðinu tveir niðurgreftir sem skáru tóftina. Annars vegar er það lagnaskurður [225], sem var 0,4 m á breidd, og lá vest-norðvestur – aust-suðaustur þvert yfir uppgraftarsvæðið, fylltur var möl og sandi [206], sem lá þvert austur-vestur í gegn um tóftina. Hinn niðurgröfturinn var [219], sem var óregluleg gryfja, um 1,7 m í þvermál og 65 sm djúp. Gryfjan var við suðausturhorn tóftarinnar, en hlutverk hennar er óþekkt. Tvær fyllingar voru í gryfjunni, sú efri, [208], allt að 30 sm þykkt sandlag með töluvert af múrsteinsbrotum, en sú neðri [212], moldarblandaður sandur, einnig með töluvert af múrsteinsbrotum. Ofan á þessum skurði, og utan við tóftina var svo sand- og móösku ruslslag [205], líkt þeim sem fylltu upp í tóftina.

Svæði D - Umræða

Tóft þessi stóð á lóð sem var lengst af kennd við Flensborgarverslunina. Á þeirri lóð var reist verslunarhús (sem stóð við Hafnarstræti 14) árið 1793 (eða 1794) af Jens Thielsen (og kennt við heimabæ hans, Flensborg á Suður-Jótlandi). Húsið var keypt af Moritz Wilhelm Biering árið 1851, og rak hann þar verslun til 1857, þegar hann fórst með skipi sínu. Keyptu þá kaupmennirnir C.F. Siemsen og P.C. Knudsen eignir hans, og gáfu bænum húsið fyrir barnaskóla. Var hann starfræktur þar til 1882, þegar húsið var rífið, og byggður nýr barnaskóli við Pósthússtræti 3, og stendur það hús enn. Við þann gjörning var Pósthússtrætið lengt til norðurs frá Austurstræti að Hafnarstræti.¹⁸ Á uppdrætti Victors Lottin frá 1801¹⁹ stendur verslunarhúsið sjálft eitt, nyrst á lóðinni, við Hafnarstræti (Strandgötu). Hins vegar má sjá á korti Sveins Sveinssonar frá 1876²⁰

¹⁸ Páll Líndal 1987, bls 13-5; Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987, bls 116-7

¹⁹ Sjá t.d. Páll Líndal 1989, bls 34-5 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.

²⁰ Sjá t.d. Páll Líndal 1989, bls 52-3 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.

að byggð hafa verið a.m.k þrjú önnur hús á lóðinni vestanverðri, sunnan við verslunarhúsið sjálft. Hefur þeim verið lýst sem tvö sambyggð pakkhús og tveir skúrar.²¹ Kortið frá 1876 hefur verið hnitsett, og ríma uppmælingar úr þessari rannsókn við það, að hús það sem grafið var upp sé syðra pakkhúsið á korti Sveins Sveinssonar. Í bókinni *Saga Reykjavíkur* sem gefin var út árið 1929, lýsir Klemens Jónsson skólalóðinni. Í þeirri lýsingu kemur fram að kálgarðurinn vestan við húsið hafi verið gerður að leikvelli barnana og að gengið hafa verið inn í skólann úr norðvestur horni garðsins. Einnig lýsir hann um gríðarmikilli og illaþefjandi safn- og sorpgryfju vestarlega á lóðinni²². Bendir það til þess að pakkhúsin verið rifin á þeim tíma sem skólinn var í húsinu, og þá hugsanlega fljótlega eftir að uppdráttur Sveins Sveinssonar var gerður árið 1876, þar sem einungis sex árum síðar var búið að rífa skólahúsið, og leggja Pósthússtrætið yfir Flensborgarlóðina.

Hefur þetta hús því að öllum líkindum verið reist einhverntíman á tímabilinu 1801-1857, og rifið fljótlega upp úr 1876. Styður gripaflóran úr uppgreftrinum það, en flestir aldursgreinanlegir gripir (þá helst leirker og gler) sem fundust í uppgreftrinum á svæði D (sem voru flestir úr ruslalögum yfir tóftinni) voru frá tímabilinu 1800-1900.

Gripir

Úr rannsóknunum í febrúar og maí eru skráðir rúmlega 300 fundir, bæði gripir og dýrabein. Val á þeim fundum sem hirtir voru fór fram á vettvangi. Tekin voru sýni sem endurspegluðu þá gripi sem fundust á staðnum. Næsta val fór fram í úrvinnsluferli og eftir að upplýsingum um gripina sem komu í hús hafði verið safnað var nokkrum þeirra fargað. Upplýsingar um þetta kemur fram í skýrslu og gripaskrá.

Varðveisla þeirra funda sem kom upp við rannsóknina er mjög mismunandi. Dýrabein – eingöngu matarleifar - eru í afbragðsgóðu ástandi, leirinn og glerið er áberandi vatns- eða sjávarsorfið, sumt glerið með glerveiki (sem lýsir sér að yfirborðið flagnar af) og málmur mjög tærður og ryðbrunninn. Grjótið – allt þakskífur - er í góðu ástandi.

Umsjón með greiningu gripa hafði Guðrún Alda Gísladóttir. Gavin Lucas greindi leir og gler, en Jóhann Gunnar Malmquist fornleifafræðinemi skráði gögn í gagnagrunn

²¹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hörleifur Stefánsson 1987, bls 117

²² Klemens Jónsson 1929, bls 27

uppgrafterins.²³ Jannie Amsgaard Ebsen forvörður sá um forvörslu og ráðgjöf varðandi meðhöndlun og geymslu gripa.

Forkönnun

Úr forkönnuninni í febrúar²⁴ eru skráðir 35 gripir og 22,5 g af dýrabeinum. Allir þessir gripir fundust í skurði 2 og 3 og bera númerin PST14-5-16, -28, -29, -36, -39, -40, -46, -51 og -58 og eru þetta leirkersbrot, múrsteinar og þakskífur auk dýrabeina. Um þessa gripi verður fjallað hér ásamt öðrum gripum.

Uppgröftur

Við rannsóknina í Pósthússtræti í apríl-júní 2014 fundust samanlagt 302 fundir sem skráðir eru undir 60 fundanúmerum. Eru dýrabeinin þar með talin. Fundanúmerin hefjast á PST14-5-1 og enda á PST14-5-60. Gripirnir fundust á þremur svæðum, C, D og óskilgreindu svæði milli bygginga.

Tafla 1. Dreifing gripa eftir svæðum

Svæði	Skurður	Staður	Magn funda	Lýsing
C	Skurður 3	Bryggja	193 (64%)	Leir, gler, matarleifar (bein), járn, koparblanda
D		Pakkhús	82 (27%)	Leir, gler, mataúrgangur (bein), járn, kol, steinn (þakhellur)
Óskilgreint	Skurður 2	Óskilgreint	27 (9%)	Leir, steinn (þakhellur), matarleifar (bein)
Samtals			302	

Samantekt um fundi

Bein og skeljar

Dýrabeinin sem fundust við rannsókna hafa ekki við greind til tegundar en eru að öllum líkindum að mestu matarleifar.

²³ Sjá fundaskrá í viðauka 2.

²⁴ Sjá Oddgeir Isaksen 2014.

Tafla 2. Bein og skeljar

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-051	Sk3	--
PST14-5-052	C	245
PST14-5-053	C	245
PST14-5-054	D	202
PST14-5-055	D	201
PST14-5-056	D	210
PST14-5-057	D	211
PST14-5-058	Sk2	9
PST14-5-059	C	245
PST14-5-060	D	202

Leir

Leirker

Leirkerin sem fundust falla innan tímarammans u.þ.b. 1790-1920, langflest eru þau þó frá 19. öld. Þau eru aðallega af enskum uppruna en einnig er t.d. til staðar postulínsbrot frá Mið-Evrópu. Brotin eru fjölbreytt að stærð og gerð; stórar þykkar leirskálar, undirskálar, bollar, tebollar og matardiskar. Eina brotið sem í fljótu bragði er ekki hægt að fella inn í venjulegt heimilishald er sennilega brot af leikfangi, lítill brúðufótur. Brotin eru aðallega úr rauðum og hvítum jarðleir (redware & cream ware) og postulíni. Alls fundust 65 brot og eru þau skráð undir níu fundanúmerum.

Tafla 3. Leirker

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-036	Sk3	--
PST14-5-037	C	245
PST14-5-038	C	345
PST14-5-039	Sk2	1
PST14-5-040	Sk2	1
PST14-5-041	D	107
PST14-5-042	C	245
PST14-5-043	D	203
PST14-5-044	D	205

Múrsteinar

Hirtir voru 12 múrsteinar sem skráðir eru undir átta númerum. Eru þeir lýsandi fyrir þær gerðir sem sáust við uppgröftinn. Þeir eru hvítir og bleik-appelsínugulir að lit og

eru fremur grófgerðir. Þeir eru sennilega frá 19. öld, en uppruni óvís nú og hefur ekki verið greindur.

Tafla 4. Múrsteinar

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-028	Sk3	--
PST14-5-029	Sk2	8
PST14-5-030	D	115
PST14-5-031	D	120
PST14-5-032	D	202
PST14-5-033	D	203
PST14-5-034	D	205
PST14-5-035	D	210

Gler

Rúðugler

Alls eru skráð 25 rúðuglerbrot. Þau eru öll fremur smá og talin vera frá 19. öld. Eitt glerið gæti verið vélgert, og er þá frá seinni hluta tímabilsins.

Tafla 5. Rúðugler

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-016	Sk3	--
PST14-5-017	C	245
PST14-5-018	D	113
PST14-5-019	C	245
PST14-5-020	D	210

Glerílát

Glerílatin eru að megninu til af vínflöskum en líka drykkjarílatum. Þau eru skráð 46 talsins undir sjö fundarnúmerum. Öll eru þau talin til tímabilsins frá því fyrir 1900, flest frá 19. öld.

Tafla 6. Glerilát

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-021	C	245
PST14-5-022	D	109
PST14-5-023	D	109
PST14-5-024	D	120
PST14-5-025	C	245
PST14-5-026	D	205
PST14-5-027	D	210

Koparblanda

Tveir gripir úr þessu efni eru skráðir, hnappur PST14-5-002. Hnappurinn er samsettur úr tveimur hlutum, framhlutinn sem er skreyttur og bakhlutinn með leifum af auga sem hefur brotnað af. Brún framhluta er brotinn yfir afturhluta og þannig haldast hnappahlutarnir saman. Sennilega er einhver fylling inni í hnappinum, hugsanlega viður. Hnappurinn er skreyttur með laufamynstri og takkamynstri á brúninni. Hinn gripurinn er skrófa (PST14-5-002) sennilega stilliskrófa af olíulampa. Slíkir lampar fóru að berast til Íslands á árunum 1870-1880 og breiddust hratt út.²⁵

Tafla 7. Koparblanda

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-001	C	245
PST14-5-002	D	205

Járn

Stærsti hluti járngrípanna eru naglar. Varðveisla járnsins er mjög slæm og þeir eru tærðir og aflagaðir. Nokkra er hægt að greina sem vírnagla sem var farið að framleiða eftir 1880. Eftirtektarverð er járngjörð með þremur lömum, festing af einhverju tagi. Nokkrum járngrípum var fargað í úrvinnsluferli, nokkrir vírnaglar og vírar.

²⁵ Guðmundur Ólafsson 1987, bls. 362-363.

Tafla 8. Járn

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-006	D	114
PST14-5-007	C	245
PST14-5-008	C	245
PST14-5-009	C	245
PST14-5-010	D	200
PST14-5-011	D	202
PST14-5-012	D	203
PST14-5-013	D	205
PST14-5-014	D	210

Steinar

Svolítið fannst af skífum, alls 17 brot skráð undir sex númerum. Talið er að þakskífur (hellupak) hafi í fyrsta sinn verið notaðar hér á landi við byggingu Dómkirkjunnar í Reykavík árið 1848. Brotin sem fundust í Pósthússtræti eru misstór og sjá má naglagöt. Heimildir eru um að notaðir voru koparnaglar við byggingu Dómkirkjunnar á sínum tíma. Skífur náðu talsverðum vinsældum og var notuð sem klæðning bæði á þök og veggir frameftir 19. öld²⁶ að minnsta kosti.

Tafla 9. Steinar

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag
PST14-5-045	C	245
PST14-5-046	Sk2	8
PST14-5-047	D	113
PST14-5-048	D	205
PST14-5-049	D	206
PST14-5-050	D	210

Kol


Eitt steinkolabrot fannst, PST14-5-015. Steinkol hafa verið flutt til Íslands að minnsta kosti frá því á 18. öld að talið er og var aðallega notað við járnsmíða á 18. öld²⁷ og 19. öld.²⁸ Kol til húsakyndingar fara sennilega verða algengari undir lok 19. aldar og var svo frameftir 20. öld þar til hitaveita tók við. Hitaveita Reykjavíkur var stofnuð 1930

²⁶ Guðmundur Hannesson 1943, bls. 179-180; Hörður Ágústsson 1998, bls. 115.

²⁷ Sigfús Haukur Andrússon 1988, bls. 182-183.

²⁸ Þór Magnússon 2004, bls. 304.

og það sama ár var vatni hleypt í fyrsta húsið í bænum²⁹ og næstu áratuginu þar á eftir hvarf kolakynding húsa alveg í Reykjavík.



Mynd 14. Hlutfall efna gripa í Pósthússtræti.

Niðurstaða og lokaorð

Við framkvæmdaefirlit í Pósthússtræti vorið 2014 komu í ljós minjar á fjórum svæðum. Komið var niður á leifar Bæjarbryggjunnar/Steinbryggjunnar á þremur mismunandi svæðum (A, B & C). Bryggja þessi var reist árið 1884 og fór úr notkun á fyrri hluta 20. Aldar. Einnig var komið niður á járnteina í skurði B, sem líklegast hafa verið fyrir vagna sem nýttir voru til að afferma skip. Þó fundust engar heimildir um slíka teina á þessum stað. Á svæði D voru svo grafnar fram leifar af niðurgröfðu húsi, sem að öllum líkindum hefur verið pakkhús reist á fyrri hluta 19. aldar og rifið fljótlega eftir 1876.

Fundirnir eru aðallega frá 19. öld, sumir eru aðeins eldri eða frá seinni hluta 18. aldar og nokkrir aðeins yngri eða frá eftir aldamótin 1900. Hægt var að gera aldursgreiningu á leirkerjum, gleri, sumum járngripum út frá gerðfræði þeirra en steingripum –

²⁹ Orkuveita Reykjavíkur.

þakskífum – út frá ritheimildum. Fundasafnið frá svæðunum er áþekkt yfir að líta. Ástand gripanna og varðveisla er svipuð á milli svæða þó að t.d. leirkersbrot frá svæði C, bryggjusvæði eru áberandi sorfin af sjó. Engin lífræn efni fundust, ekkert timbur, leður né textíll og sennilega endurspeglar það skilyrði jarðvegsins. Að lokum má segja að gerð og samsetning fundanna gefi innsýn í og endurspegli heimilishald Reykvíkinga á 19. öld og munu þegar fram líða stundir verða mikilvægur rannsóknarefniðviður þegar saga Reykjavíkur verður skrifuð út frá sjónarhóli fornleifafræðinnar.

Heimildir

- Aldred, Oscar. 2007. *TRHo6-07. The archaeology of the Reykjavík water front*. Fornleifastofnun Íslands, FS353-06322.
- Guðjón Friðriksson. 1991. *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri bindi. Iðunn, Reykjavík.
- Guðmundur Hannesson. 1943. „Húsagerð á Íslandi.“ *Iðnsaga Íslands. Fyrri bindi*. Guðmundur Finnbogason ritstj. Iðnaðarmannafélag Íslands.
- Guðmundur Ólafsson. 1987. „Ljósferi og lýsing.“ *Íslensk Þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi*. Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 1987. *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Torfusamtökin, Reykjavík.
- Hörður Ágústsson. 1998. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750–1940*. Húsafriðurnarnefnd ríkisins.
- Ísafold*. 1884 (15. október). Sótt af <http://timarit.is> (skoðað 7. apríl 2015=).
- Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur. Síðara bindi*. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík
- Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 21.01.2014. Fvr 2014010083/KM.
- Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 24.03.2014 Fvr 2014010083/KM.
- Oddgeir Isaksen. 2014. *Könnunarskurðir í Pósthússtræti, Reykjavík. Greinargerð*. Fornleifastofnun Íslands: FS530-14021, Reykjavík
- Orkuveita Reykjavíkur. *Saga heita vatnsins*.
https://www.or.is/sites/default/files/saga_heita_vatnsins.pdf (Skoðað 17.4.2015)
- Páll Líndal. 1987. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. H-P*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Páll Líndal. 1988. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. R-Ö*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Páll Líndal. 1989. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Lykilbók*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Pétur Jónsson og Þorgils Jónasson. 2004. Vélvæðing til sjós og lands. Tækniminjar í Þjóðminjasafni. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.) *Hlutavelta fxtímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermannson 1988. *Scandinavian Atlas of Historic Towns No. 6. Iceland Reykjavík*. Árbæjarsafn, Reykjavík.

Sigfús Haukur Andrésson. 1988. *Verzlunarsaga Íslands 1774-1807. Upphaf fríhöndlunar og almenna bænaskráin. I. bindi*. Reykjavík, Verzlunarráð Íslands.

Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, bréf dagsett 17.01.2014

Þór Magnússon. 2004. „Málmsmíðar til gagns og prýði.“ *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir, ritstj. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.

Viðauki 1: Einingaskrá

Eining ³⁰	Svæði	Fasi	Efni	Tegund	Lýsing
101	D	4	Sandur	Jarðlag	Nútíma sandlag undir stétt
102	D	4	Mold	Jarðlag	Nútíma moldarlag með mikið af grjóti. Jöfnunarlag undir stétt
103	D	4	Mold	Jarðlag	Nútíma moldarlag. Jöfnunarlag undir stétt
104	D	4	Sandur	Jarðlag	Svartur sandur, gamalt yfirborð
105	D	4	Grús	Jarðlag	Grús með töluvert af skeljum. Ruslalag
106	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
107	D	4	Móaska	Jarðlag	Ruslalag
108	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
109	D	4	Sandur	Jarðlag	Grús blandað ruslalag
110	D	4	Móaska	Jarðlag	Ruslalag
111	D	4	Sandur	Jarðlag	Fylling í [112]
112	D	4	Niðurgroftur	Gryfja	Lítill gryfja, hlutverk óþekkt
113	D	4	Mold	Jarðlag	Dökkt mjög lífrænt ruslaleg = [200]
114	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag innihledur töluvert af skeljum
115	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
116	D	4	Grús	Jarðlag	Ruslalag
117	D	3	Sandur	Jarðlag	Skeljasandur yfir gólfi í tóft = [210] = [211]
118	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
119	D	2	Móaska	Jarðlag	Ruslalag
120	D	2	Steypulím	Jarðlag	Stypulím undir múrsteinsgólfi. = [213] ≠ [214]
121	D	1	Móaska	Jarðlag	Móöskulag með kolalinsum. Ruslalag = [232]
122	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
123	D	4	Grús	Jarðlag	Ruslalag
124	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
125	D	4	Móaska	Jarðlag	Ruslalag
126	D	3	Steinar	Jarðlag	Steinalag
127	D	1	Móaska	Jarðlag	Móöskulag = [227]
128	D	--	Grús	Jarðlag	Náttúrulegur jarðvegur – undir mannvistarleifum
200	D	4	Sandur/möl	Jarðlag	Ruslalag inni í tóft = [113]
201	D	4	Mold	Jarðlag	Moldarlag með töluvert af móösku, möl og grjóti
202	D	4	Sandur	Jarðlag	Móskublandað sandlag með töluvert af múrsteinsbrotum
203	D	4	Sandur	Jarðlag	Sand- og móöskublandað ruslalag

³⁰ Við framkvæmdaefirlit á svæði D (pakkhús) var byrjað á því að teikna snið í lagnaskurðinum sem liggur eftir miðju Pósthússtræti. Nokkrir gripir komu úr jarðlögum í sniðinu, og fengu þau því úthlutað númerum í jarðlagaskrá (101-128). Í kjölfarið ákvað Minjastofnun að nauðsynlegt væri að gera fullnaðarrannsókn á svæði D og því er sniðið ekki sýnt hér. Þó eru númerin sem jarðlöggin fengu tilgreind hér, þar sem nokkur þeirra eru tengd gripum. Þar sem við á voru þessi jarðlög tengd því númeri sem þeim var úthlutað í uppgreftinum. Þó ber að nefna að jarðlög 101-114, 118 & 122 voru fjarlægð með vélgröfu áður en uppgroftur hófst.

Eining ³⁰	Svæði	Fasi	Efni	Tegund	Lýsing
204	D	3	Steinar	Hleðsla	Hleðsla (?) ofan á stétt [234]. Undirstöður undir þil?
205	D	4	Sandur	Jarðlag	Ruslalag
206	D	4	Möl/sandur	Jarðlag	Fylling í lagnaskurði [225]
207	D	4	Móaska	Jarðlag	Lítið móöslulag. Liggur upp að hleðslu [209]
208	D	4	Sandur	Jarðlag	Sandlag með töluvert af múrsteinsbrotum. Efri fylling í skurði [219]
209	D	3	Steinar	Hleðsla	Einföld steinaröð inni í tóft, leyfar af einhverskonar innri skiptingu
210	D	3	Sandur	Jarðlag	Skeljasandur yfir gólfi í tóft = [211] = [117]
211	D	3	Sandur	Jarðlag	Skeljasandur yfir gólfi í tóft = [210] = [117]
212	D	4	Sandur	Jarðlag	Neðri fylling í skurði [219]
213	D	2	Steypulím	Jarðlag	Stypulím undir múrsteinsgólfi. Nokkrir múrsteinar enn á sínum stað, og sýnileg för eftir múrsteina sem hafa verið fjarlægðir ≠ [214] = [120]
214	D	2	Steypulím	Jarðlag	Stypulím undir múrsteinsgólfi. Nokkrir múrsteinar enn á sínum stað, og sýnileg för eftir múrsteina sem hafa verið fjarlægðir ≠ [213] = [120]
215	D	2	Sandur	Jarðlag	Skeljasandur settur til að jafna undir gólf = [236]
216	D	2	Mold	Jarðlag	Jöfnunarlag undir gólfi (?)
217	D	2	Mold	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [218]
218	D	2	Niðurgröftur	Stoðarhola	Stoðarhola norðan við stétt í miðri tóft ≠ [238]
219	D	4	Niðurgröftur	Gryfja	Óregluleg gryfja, sker suðausturhorn hleðslu [233]
220	D	2	Móaska	Jarðlag	Hluti af undirlagi undir gólfi
221	D	2	Sandur	Jarðlag	Sendið jarðlag, fylling aftan (austan) við vegg [230]/[231] = [222]
222	D	2	Sandur	Jarðlag	Sendið jarðlag, fylling aftan (austan) við vegg [233] = [221]
223	D	1	Steinar	Hleðsla	Vegghleðsla úr grjóti og sementi - norður veggur tóftar
224	D	2	Sandur	Jarðlag	Blandað sendið jöfnunarlag undir gólfi
225	D	4	Niðurgröftur	Skurður	Lagnaskurður. Sker tóft
226	D	1	Móaska	Jarðlag	Móöskulag með kolaögnum, nær undir austurvegg tóftar = [227]
227	D	1	Móaska	Jarðlag	Móöskulag með kolaögnum, nær undir austurvegg Ds = [226] = [127]
228	D	1	Sandur	Jarðlag	Malar- og sandlag með nokkrum smálinsum af móösku. Jöfnunarlag undir gólf?
229	D	1	Móaska	Jarðlag	Ruslalag, móaska með viðarkolum ≠ [232]
230	D	2	Steinar	Hleðsla	Grjóthleðsla. Blokkering í bili á milli hleðslu [233] og [231]
231	D	2	Steinar	Hleðsla	Norður hluti austurveggjar = [233]
232	D	1	Móaska	Jarðlag	Ruslalag, móaska með viðarkolum ≠ [229] = [121]
233	D	2	Steinar	Hleðsla	Suður hluti austurveggjar tóftar = 231]

Eining ³⁰	Svæði	Fasi	Efni	Tegund	Lýsing
234	D	2	Steinar	Hleðsla	Hellulögn í gólfi (= [235])
235	D	2	Steinar	Hleðsla	Hellulögn í gólfi (= [234])
236	D	2	Sandur	Jarðlag	Skeljasandur settur til að jafna undir gólf (= [215])
237	D	2	Mold	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [238]
238	D	2	Niðurgröftur	Stoðarhola	Stoðarhola norðan við hellulögn ≠ [218]
239	A	--	Steinar	Hleðsla	Sjávarvarnargarður sem liggur upp að steinbryggjunni [240]
240	A	--	Steinar	Hleðsla	Hlaðin brygja úr tilhoggnu grjóti og steypu
241	B	--	Steypa/járn	Stétt	Steypt hella með járnteinum
242	B	--	Steypa/járn	Stétt	Steypt hella með járnteinum
243	C	--	Steinar	Hleðsla	Grjóthlaðnar undirstöður undir trébryggju = [245]
244	C	--	Steinar	Hleðsla	Hrun úr bryggju [245]
245	C	--	Steinar	Hleðsla	Grjóthlaðnar undirstöður undir trébryggju. Grjót, möl & steypa með járnteinum = [243]
246	D	2	Niðurgröftur	Skurður	Skurður fyrir vegg [231] = [233]

Viðauki 2: Fundaskrá

Fundanúmer	Skurður	Svæði nánar	Jarðlag ³¹	Efni	Tegund	Magn	Þyngd g
PST14-5-001	C	Bryggja	245	Koparblanda	Skrúfa	1	5,5
PST14-5-002	D	Pakkhús	205	Koparblanda	Hnappur	1	1,85
PST14-5-003	C	Bryggja	245	Járn	Tappi	1	2,15
PST14-5-004	C	Bryggja	245	Járn	Nagli	5	306
PST14-5-005	C	Bryggja	245	Járn	Brotajárn	7	253
PST14-5-006	D	Pakkhús	114	Járn	Nagli	2	9,67
PST14-5-007	C	Bryggja	245	Járn	Nagli	3	161,75
PST14-5-008	C	Bryggja	245	Járn	Festing	1	450,65
PST14-5-009	C	Bryggja	245	Járn	Brotajárn	6	944
PST14-5-010	D	Pakkhús	200	Járn	Nagli	2	3,53
PST14-5-011	D	Pakkhús	202	Járn	Nagli	4	20,16
PST14-5-012	D	Pakkhús	203	Járn	Brotajárn	5	36,9
PST14-5-013	D	Pakkhús	205	Járn	Nagli	7	83
PST14-5-014	D	Pakkhús	210	Járn	Nagli	7	217
PST14-5-015	D	Pakkhús	205	Steinkol	Steinkol	1	3
PST14-5-016	Skurður 3	Bryggja	x	Gler	Rúðugler	1	6,63
PST14-5-017	C	Bryggja	245	Gler	Rúðugler	10	51,06
PST14-5-018	D	Pakkhús	113	Gler	Rúðugler	3	7,9
PST14-5-019	C	Bryggja	245	Gler	Rúðugler	10	57,12
PST14-5-020	D	Pakkhús	210	Gler	Rúðugler	1	3,45
PST14-5-021	C	Bryggja	245	Gler	Ílát	17	273
PST14-5-022	D	Pakkhús	109	Gler	Ílát	10	69,0
PST14-5-023	D	Pakkhús	113	Gler	Ílát	1	2,56
PST14-5-024	D	Pakkhús	120	Gler	Ílát	1	3,90
PST14-5-025	C	Bryggja	245	Gler	Ílát	11	244,85
PST14-5-026	D	Pakkhús	205	Gler	Ílát	5	30
PST14-5-027	D	Pakkhús	210	Gler	Ílát	1	23,52
PST14-5-028	Skurður 3	Bryggja	x	Leir	Múrsteinn	1	78,69
PST14-5-029	Skurður 2	Óskilgreint	8	Leir	Múrsteinn	4	75,64
PST14-5-030	D	Pakkhús	115	Leir	Múrsteinn	1	622
PST14-5-031	D	Pakkhús	120	Leir	Múrsteinn	1	582
PST14-5-032	D	Pakkhús	202	Leir	Múrsteinn	1	703
PST14-5-033	D	Pakkhús	203	Leir	Múrsteinn	2	1571
PST14-5-034	D	Pakkhús	205	Leir	Múrsteinn	1	33,5
PST14-5-035	D	Pakkhús	210	Leir	Múrsteinn	1	137,70
PST14-5-036	Skurður 3	Bryggja	x	Leir	Leirker	2	80,27
PST14-5-037	C	Bryggja	245	Leir	Leirker	1	3,43
PST14-5-038	C	Bryggja	245	Leir	Leirker	50	1184
PST14-5-039	Skurður 2	Óskilgreint	1	Leir	Leirker	3	26,12

³¹ Lýsingar á jarðlögum í skurði 2 má finna í Oddgeir Isaksen 2014, bls. 8-9.

Fundanúmer	Skurður	Svæði nánar	Jarðlag ³¹	Efni	Tegund	Magn	Þyngd g
PST14-5-040	Skurður 2	Óskilgreint	8	Leir	Leirker	2	1,22
PST14-5-041	D	Pakkhús	107	Leir	Leirker	2	45,23
PST14-5-042	C	Bryggja	245	Leir	Leirker	53	362,02
PST14-5-043	D	Pakkhús	203	Leir	Leirker	1	2,98
PST14-5-044	D	Pakkhús	205	Leir	Leirker	1	3
PST14-5-045	C	Bryggja	245	Steinn	Þakskífa	3	366,38
PST14-5-046	Skurður 2	Óskilgreint	8	Steinn	Þakskífa	1	18,54
PST14-5-047	D	Pakkhús	113	Steinn	Þakskífa	3	513
PST14-5-048	D	Pakkhús	205	Steinn	Þakskífa	1	4,5
PST14-5-049	D	Pakkhús	206	Steinn	Þakskífa	8	490
PST14-5-050	D	Pakkhús	210	Steinn	Þakskífa	1	17,52
PST14-5-051	Skurður 3	Bryggja	x	Dýrabein	Dýrabein	4	183,71
PST14-5-052	C	Bryggja	245	Dýrabein	Dýrabein	2	105,68
PST14-5-053	C	Bryggja	245	Dýrabein	Dýrabein	3	93,83
PST14-5-054	D	Pakkhús	202	Dýrabein	Dýrabein	1	0,68
PST14-5-055	D	Pakkhús	210	Dýrabein	Dýrabein	2	15,46
PST14-5-056	D	Pakkhús	210	Dýrabein	Dýrabein	1	17,87
PST14-5-057	D	Pakkhús	211	Dýrabein	Dýrabein	1	0,83
PST14-5-058	Skurður 2	Óskilgreint	9	Dýrabein	Fiskibein	17	22,30
PST14-5-059	C	Bryggja	245	Dýrabein	Tönn	1	7,05
PST14-5-060	D	Pakkhús	202	Skel	Skel	2	10,85